

130. skólanefndarfundur 6.mars 2014

haldinn í Grunnskólanum í Stykkishólmi

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar í skólanefnd:

Aðalmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður og Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson-

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar sátu fundinn:

Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Kristbjörg Hermannsdóttir fulltrúi foreldra grunnskólans og Einar Gunnarsson fulltrúi kennara grunnskólans.

Formaður setti fund kl. 17:00

Dagskrá:

1. Málefni grunnskólans

a) Marspunktur

- a. Gunnar Svanlaugsson fór yfir marspunktana. Hann haldi stjórn foreldraráðs fyrir þeirra starfsemi og nefndi að skipulag öskudagsins hefði verið framúrskarandi.
- b. Sunnudaginn 9. mars fara nemendur 7. bekkjar til Dalvíkur á skíði kl. 5, ábyrgðarmanneskja er Arna Sædal.
- c. Árshátíð grunnskólans:
 - 19. Miðvikudagur Árshátíð yngri nemenda 1. – 6 bekkir kl. 19:30
 - 20. Fimmtudagur Árshátíð eldri nemenda 7. – 10.- Ball fyrir þá yngri í Tónósal
 1. 1. – 4. bekkir 19:00 – 20:30
 2. 5. – 6. bekkir 19:00 – 21:30
 - Ball fyrir þá eldri í Tónósal
 - 7. – 10. bekkir 22:30 – 24:00
 - Einar Gunnarsson ræddi undirbúning árshátíðar og haldi nemendur skólans fyrir alla vinnu sem viðkemur árshátíðinni.

b) Starfsmannaviðtöl

- a. Skólastjóri er farin að taka viðtöl við kennara og fá upplýsingar hverjir þeirra sem eru í leyfi ætla að koma aftur og hvort einhverjir kennarar eru að fyrirhuga breytingu á kennslumagni.

c) Undirbúningur næsta skólaárs

- a. Skóladagatal er í vinnslu. Reynt verður að hafa sameiginlega starfsdaga í leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla.
- b. Búið er að kaupa flugmiða fyrir nemendur 9.bekkjar vegna fyrirhugaðar ferðar til Danmerkur í september en sú ferð er skipulögð af foreldrafulltrúum og skóla.

d) Önnur mál.

- a. Að loknum fundi sýndi Gunnar fundarmönnum listaverk eftir nemendur sem hanga á veggjum skólans. Það mun verða áframhald á því að verk eftir nemendur verði sett í ramma svo gestir og gangandi geti séð listaverkin.

2. Önnur mál

- a. Formaður sagði frá því að hún hafi komið í heimsókn í 10.bekk sem aðstoðarskólameistari FSN ásamt námsráðgjafa FSN, Helgu Lind Hjartardóttur og Nökkva Frey Smárasyni, fulltrúa nemenda. Verið var að kynna nám við FSN og nýjar námsbrautir í Fjölbrautaskóla Snæfellinga en þar á að fara af stað með listnámsbraut á haustönn 2014 ásamt raunvísindabraut, félagsfræðibraut og framhaldsskólabraut.

Formaður sleit fundi kl. 17:46